

Félag landnema á Fellsmörk

10. júní 2009

Gleðilegt sumar ágætu landnemar á Fellsmörk!

Gróðursetningardagurinn 2009 verður laugardaginn 20. júní n.k. Þá verður hin árlega sameiginlega gróðursetning landnema.

Mæting við bústað Auduns og Helgu að Keldudal nr. 2, kl. 13.00 – stundvíslega.

Fyrirhugað er að gróðursetja u.þ.b. 3.000 plöntur frá Landgræðsluskógum í sameiginleg svæði á gróðursetningardaginn og deila út um 9.000 plöntum á landnemaspildur þegar sameiginlegri gróðursetningu lýkur.

Landgræðsla ríkisins sá sér ekki fært að láta í té grasfræ og áburð í ár.

Áður en verk hefst verður farið yfir það sem gera á – því er mikilvægt að þátttakendur mæti stundvíslega.

Þeir sem ekki hafa tök á að mæta þennan dag og vilja tryggja sér plöntur til að gróðursetja síðar, verða að hafa samband við undirbúningshópinn.

Mælst er til þess að plöntuskammtar séu teknir þennan dag.

Plöntur skal skrá í möppu sem staðsett verður í trékassa við dæluhúsið á landi nr. 2 við Keldudal þar sem nánari upplýsingar munu liggja fyrir um plöntuskammt, en plönturnar eru staðsettar við hlið dæluhússins.

Eftir 1. júlí er öllum landnemunum frjálst að gróðursetja ósóttar plöntur.

Að kvöldi laugardagsins 20. júní er boðað til fagnaðar hjá Sigurlaugu Guðmundsdóttur að Heiðarbraut 7 - ef sæmilega viðrar. Hafið með ykkur mat og drykk og annað sem þarf til mannfagnaðar og grillveislu af þessu tagi (grill + pappadiskar + mál + hnífapör)

Landnemar eru minntir á að skila tónum plöntubökkum á sama stað og plöntur eru sóttar – þ.e. að Keldudal nr. 2. Áhöldum, sem fengin hafa verið að láni hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, þarf að skila strax eftir sameiginlega gróðursetningu þ. 20. júní að Keldudal nr. 2

Hittumst heil á Fellsmörk – Skógarkveðjur!

Undirbúningshópurinn

Hjalti Elíasson
Júlía Andersen
sími 553 6753
farsímar 852 7424 /
892 6653
hjaltie@mi.is
julia@ask.is

Hannes Siggason
sími 564 1573
farsími 896 4089
hannes.siggason@or.is
hannessi@gmail.com

Valdimar Reynisson
sími 5667889
farsími 8478324
valdirevn@visir.is

Tryggvi Felixson
sími 564 1456
tfe@norden.org